

Pistill ritnefndar fyrir aðalfund Skýrslutæknifélagsins 2013

Eins og venja er þá stóð ritnefnd á árinu 2012 fyrir útgáfu á veglegu blaði, Tölvumál, og þetta árið voru tölvuleikir voru þemað. Í fyrsta skiptið tókst að fylla blaðið af greinum sem eingöngu fjölluðu um þemað og er ritnefnd mjög ánægð með árangurinn enda blaðið áhugavert og vinsælt. Ritnefnd sér einnig um að birta vikulega greinar á vef sky.is voru árið 2012 birtar 50 greinar undri hatti Tölvumála, flestar nýjar en nokkrar teknar úr blöðunum 2011 og 2012.

Megin störf ritnefndar felast í að safna greinum, lesa þær yfir og met og það verður að segja að það er alls ekki alltaf auðvelt að fá greinar. Margri lýsa yfir vilja en síðan verður lítið um efndir. Það er einhver hræðsla eða feimni í gangi sem gott væri ef tækist að kveða niður. Fyrir netið erum við að leita að áhugaverðum og lifandi greinum upp á 800- 1200 orð um málefni tækninnar á líðandi stund. En fyrir prentaða útgáfu er verið að tala um 1200- 2500 orð sem getur falið í sér ítarlegri umfjöllun.

Úr ritnefnd gengu á árinu Finnur Pálmi Magnússon, Hákon Davíð Halldórsson og Sara Stefánsdóttir og er þeim þökkúð góð störf fyrir ritnefndina. Í ritnefnd gengu Ása Björk Stefánsdóttir, Sigurður Jónsson og Þorfinnur Skúlason. Í ritstjórn eru því núna Ágúst Valgeirsson, Ása Björk Stefánsdóttir, Jón Harry Óskarsson, Júlía Pálmadóttir Sighvats, Sigurður Jónsson og Þorfinnur Skúlason, ritstjóri er Ásrún Matthíasdóttir. Allir hafa áhuga á að halda áfram en alltaf er þörf fyrir fleira fólk í ritnefndina og hvet ég alla sem áhuga hafa til að bjóða fram krafta sína.

Þemað fyrir næsta blað hefur verið ákveðið hagnýting upplýsingatækninnar og hvet ég alla sem hér eru til að huga að grein í blaðið eða fyrir netið.